



MANNVIT



NORÐURÞING HÚSAVÍK – GARÐARSBRAUT - STANGARBAKKI.



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

LÝSING

JANÚAR 2024

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	1
2. Gildandi skipulag	1
3. Forsendur fyrirhugaðs deiliskipulags.....	1
4. Staðhættir	3
5. Umhverfisáhrif.....	3
6. Skipulagsferli	4
Heimildir	5

Forsíðumynd:

Horft til suðurs frá gatnamótum uppsalavegar og Túngötu. Til vinstri er Garðarsbraut 44 og til hægri og fyrir miðri mynd Vélaverkstæðið Grímur, Garðarsbraut 48. Dreifistöð RARIKS er fyrirhuguð upb. þar sem brotajárnsgámurinn er fyrir miðri mynd. Vinstra megin sést núverandi dreifistöð, hvítur skúr með rauðu þaki, sem staðsett er þétt upp við Garðarsbraut 44.

Mynd af vefnum ja.is

1. Inngangur

Sveitarfélagið Norðurþing fyrirhugar að deiliskipuleggja hluta athafnasvæðis / verslunar og þjónustustarfsemi (V2/A4).

Útfærsla deiliskipulagsins mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti og stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu á svæðinu. Verkefnislýsing þessi verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnt almenningi.

Lýsingin er unnin í samræmi við 1. mgr. 40. og 41. greina skipulagslaga nr. 123/2010.

Hér á eftir er gerð grein fyrir forsendum deiliskipulagsins, fyrirliggjandi stefnu og áherslum sveitarstjórnar. Auk þess er greint frá fyrirliggjandi ákvörðunum, staðhættum, helstu umhverfisáhrifum og áformuðu skipulagsferli með umfjöllun um samráð og kynningar.

2. Gildandi skipulag

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 (Alta, 2010) sem var samþykkt í desember 2010, með áorðnum síðari tíma breytingum. Í aðalskipulagi segir svo um verslunar og þjónustusvæði /Athafnasvæði.


Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
V2/A4	3,2	Garðarsbraut Verslunar og þjónustustarfsemi og ýmis athafnastarfsemi á milli Stangarbakka og Garðarsbrautar.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir, verslun, þjónustu og athafnastarfsemi.

3. Forsendur fyrirhugaðs deiliskipulags

Tilfni deiliskipulagsins er ma. að skilgreina nýja lóð fyrir dreifistöð RARIKS, en hún hefur um áratugaskeið verið í timburhúsi inni á lóð Garðarsbrautar 44. Lóðarhafi vill losna við mannvirkið svo unnt sé að ganga frá lóðinni.

Deiliskipulag

Í fyrirhuguðu deiliskipulagi eru skilgreindar lóðir við Garðarsbraut 44 og og 48 ásamt lóð fyrir dreifistöð RARIKS. Mörk deiliskipulagsins er Stangarbakki að vestan, Uppsálavegur að norðan, Garðarsbraut að austan og lóðarmörk við Garðarsbraut 50 að sunnan. Ekki er fyrirhugað að deiliskipuleggja allt svæði V2/A4 að sinni. Stærð fyrirhugaðs deiliskipulagsvæðis er 0,7 ha.



Mynd 1 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Húsavík í aðalskipulagi Norðurþings, 2010-2030 frá des. 2010 til vinstri. Stækkuð mynd af Verslunar og athafnasvæði V2/A4 til hægri. Myndir eru ekki í mælikvarða.



Mynd 2 Drög af fyrirhuguðu deiliskipulagi ásamt skipulagsmörkum. Fyrirhuguð lóð RARIKs er sýnd með bláum ferhyrningi.

4. Staðhættir

Deiliskipulagssvæðið er meðfram Stangarbakka og Garðarsbraut. Þarna hefur um áratugaskeið verið rekið bílaverkstæði (Garðarsbraut 48) og iðnaður tengdur járn- og blikksmíði. Gert er ráð fyrir að engar breytingar verði á starfseminni þar. Garðarsbrautarmegin var byggt verslunar- og íbúðarhús (Garðarsbraut 44), verslun á jarðhæð og íbúðir á efri hæð. Að auki var um tíma rekið trésmíðaverkstæði í sama húsi.

Nú hefur verslunarhúsnæðinu verið breytt í samkomuhús Félags eldri borgara á Húsavík. Íbúðir eru enn til staðar á efri hæð og verður áfram. Inni á lóð Garðarsbrautar 44 er dreifistöð RARIKs og er í gömlum timburskúr og án lóðarréttinda.

5. Umhverfisáhrif

Ekki er talin þörf á að horfa til umhverfisáhrifa þar sem um er að ræða hús og lóðir sem ekki eru nein áform um að breyta nema að hér er skilgreind ný lóð fyrir dreifistöð.

Einu umhverfisáhrifin eru tímabundin ónæði og truflun er á sér stað við byggingu nýrrar dreifistöðvar ásamt niðurrifi þeirrar er nú er í notkun.

Fornleifar

Engar fornleifar eru skráðar innan svæðisins. Svæðið allt er fullbyggt með þeim röskunum sem því fylgir og því ekki gert ráð fyrir að forleifar finnist þar.

6. Skipulagsferli

Kynning og samráð. Lýsing þessi verður send Skipulagsstofnun til umsagnar, einnig verður leitað eftir sjónarmiðum annarra viðkomandi umsagnaáðila: Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Minjastofnun Íslands. Lýsingin verður kynnt almenningi á heimasíðu Norðurbings og hún mun einnig liggja frammi til kynningar á skrifstofum sveitarfélagsins. Þannig gefst almenningi tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við lýsinguna.

Að lokinni gerð tillögu að fyrri áfanga deiliskipulags verða gögnin auglýst og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með birtingu þeirra á heimasíðu og á opnu húsi á skrifstofum Norðurbings. Skipulagstillagan verður samtímis send Skipulagsstofnun og umsagnaaðilum. Auglýstur umsagna- og athugasemdafrestur er 6 vikur.

Samþykkt deiliskipulag verður sent Skipulagsstofnun (innan 8 vikna frá því að athugasemdafrestur rann út). Skipulagsstofnun kemur athugasemdum á framfæri innan 3 vikna frá því að skipulagsgögn bárust. Sveitarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku í Stjórnartíðindum (innan 3 mán. frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar).

Auglýsing deiliskipulagsins fer skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tímaáætlun. Ferlið áætlað sem hér segir:

23.01.2024	Tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis lögð fyrir Skipulags- og framkvæmdaráð
24.01.2024	Lýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Einnig birt á heimasíðu Norðurbings og hengd upp til kynningar og sýnis á skrifstofum Norðurbings Athugasemdafrestur gefinn til 30.06.2023
20.02.2024	Tillaga að deiliskipulagi lögð fyrir Skipulags- og framkvæmdaráð
21.02.2024	Tillaga að deiliskipulagi auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum, hún birt á heimasíðu og hengd upp til sýnis á skrifstofu Norðurbings. Frestur til athugasemda 6 vikur
09.04.2024	Skipulags- og framkvæmdaráð fjallar um athugasemdir, ef einhverjar eru og samþykkir viðbrögð við þeim
18.04.2024?	Tillaga deiliskipulagi lögð fyrir Sveitarstjórn
19.04.2024?	Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun
21.04.2024	Athugasemdafrestur Skipulagstofnunar
xxxxxxx	Gildistaka deiliskipulags auglýst í Stjórnartíðindum

Tímaáætlun byggir á að dagsetningar funda standist og/eða að engar athugasemdir komi fram sem ætla mætti að fresti eða seinki afgreiðslum skipulagsins

Heimildir

Alta, 2010. *Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030.*

Fornleifastofnun Íslands FS166-01171. Fornleifaskráning á Húsavík. Elín Ósk Hreiðarsdóttir.